

## Mál nr. 10/2010

Ár 2010, þriðjudaginn 31. ágúst 2008, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 10/2010:

X

Gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

### I. Málsmeðferð siðanefndar

Siðanefnd barst kæra dagsett 16. febrúar 2010 sem siðanefnd móttók 1. mars 2010 frá kæranda á hendur Y fyrir brot á grundvallarreglum félagsins. Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar þann 3. mars 2010. Í framhaldi var kærðu send kæran ásamt gögnum til umsagnar. Þar sem engin andmæli bárust var kærðu send ítrekun þar sem kærðu var gerð grein fyrir því að bærust ekki andmæli mætti vænta þess að málið yrði tekið til úrskurðar á grundvelli framkominna gagna. Engin andmæli bárust við framkominni kæru. Þegar siðanefnd taldi allar upplýsingar fram komnar og öll sjónarmið komin fram voru aðilar boðaðir á sáttafund. Kærða mætti ekki á fund nefndarinnar þrátt fyrir ítrekaðar boðanir. Tilraunir siðanefndar til að ná sáttum milli aðila báru því ekki árangur og var málið tekið til úrskurðar hjá nefndinni.

### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Við skráningu á hvolpum fæddum 25. september 2009 hjá kæranda undan tíkinni XX, af gerðinni King charles spaniel, kom í ljós að hún hafði ekki náð tveggja ára aldri þegar hún var pöruð með hundinum YY þann 20. júlí 2009. Kærða er annar eigandi tíkarinnar en er jafnframt með umboð frá meðeiganda sínum til að rækta undan henni og er það ástæða þess að meðeigandinn er ekki kærður.

### III. Forsendur

Samkvæmt grein 3.3 í grundvallarreglum félagsins ber félagsmanni í HRFÍ að:

„Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur (taka mið af þeim aldri er viðkomandi sérdeild mælir með)“

Eins og málið liggur fyrir siðanefnd er ekkert fram komið um að Spanieldeildin hafi sótt um undanþágu frá grundvallarreglum félagsins um lágmarksaldur. Gildir því tveggja ára lágmarksaldur um framangreinda pörun. Samkvæmt því er hægt að fallast á að kærða hafi gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum félagsins.

IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við grundvallarreglur HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Herdís Hallmarsdóttir

---

Hilmar Sigurgíslason

---

Kristín Sveinbjarnardóttir